

# Ársskýrsla 2005

The Museum Council of Iceland  
A Yearly Report for 2005

SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Safnaráð  
Laufásvegi 12  
101 Reykjavík

## Efnisyfirlit

---

Ávarp framkvæmdastjóra .....	4
Fulltrúar í Safnaráði.....	6
Hlutverk Safnaráðs .....	8
Starfsemi Safnaráðs 2005 .....	10
Rekstur skrifstofu Safnaráðs 2005 .....	10
Skilgreiningar.....	10
Innland og alþjóðleg aðild og samvinna .....	11
Málþing um menntunarhlutverk safna.....	13
Könnun á viðhorfum safnmanna til aðferða við úthlutun úr Safnasjóði.....	14
Íslenski safnadagurinn .....	14
Vefsíða Safnaráðs.....	16
Menntun safnmanna .....	16
Safnasjóður 2005.....	17
Erindi til afgreiðslu .....	19
Stefnumótun stjórnvalda í safnamálum.....	20
Höfuðsöfnin .....	20
Tölfræðiupplýsingar um safnastofnanir.....	22
Vettvangsferð Safnaráðs 2005 .....	23
Ferðir framkvæmdastjóra 2005 .....	24
Rannsóknargrein um safnastarf - Höfundur: Magnús Gestsson .....	25
Lokaorð.....	29
Viðauki 1: Styrkveitingar úr Safnasjóði 2004.....	30
The Museum Council of Iceland – A Summary .....	32

## Ávarp framkvæmdastjóra

Upphafsmáður hins ítalska fútúrisma, Filippo Tommaso Marinetti, hvatti listamenn árið 1908 til að virða alla hefð að vettugi og byrja með borðið autt, með blaðið autt, með tóman huga. Marinetti vildi eyða söfnum og bókasöfnum samfélagsins í því skyni að örva framþróun.

Ómögulegt er að segja hvernig samfélag okkar myndi þróast ef klippt væri á alla þá strengi sem þekking hefur runnið eftir og breikkað hafa markvisst með aukinni þekkingu í gegnum aldirnar. Grundvallarfyrirbæri og -hugmyndir í samfélagi okkar byggja á ævafornum hugmyndum, aðferðum og verklagi - hjólið, málmvinnsla, stafrófið, lýðræði. Hvernig færi ef þessi þekking yrði okkur horfin og glótuð? Í sögunni hafa glæst menningarsamfélög hrunið eða lognast út af. Ef vel er að gáð má vera að skortur á aðferðum til að viðhalda og miðla þekkingu og heimildum um menninguna á áhrifaríkan hátt til framþróunar, þrátt fyrir áföll sem samfélagið kann að verða fyrir, sé að einhverju leyti ástæðan.

Það að lifa sífellt í liðinni tíð getur að sjálfsögðu takmarkað framþróun, en hið liðna, eldri lífnaðarhættir, verklag, aðferðir, aðstæður, uppgötvanir og uppfinningar mynda þá stoð sem samfélag manna byggir á og móta þann veg sem samfélagið fetar fram á við. Framþróun byggir á því ástandi í mannhuganum sem kallast skilningur, sem veldur því að menn geta hagnýtt staðreyndir í ákveðnum tilgangi. Skilningur kallast öðru orði þekking, en lærdómur felst í öflun hennar. Lærdómur eða menntun einstaklinga samfélagsins er því trygging samfélagsins til framþróunar.

Það er gæfa mannkyns, að hafa heilabú sem gerir okkur kleift að byggja á reynslu og þekkingu með skilningi, að búa yfir skynsemi sem gerir okkur kleift að nýta ýmsar aðferðir til að framlengja okkur sjálf og getu okkar. Við búum yfir sífellt flóknari og viðameiri þekkingu, verklegri og huglægri þekkingu sem engin ein mannvera getur rúmað, varðveitt, miðlað eða nýtt. Virkni og framþróun samfélags okkar stendur og fellur þó með því að við getum þrátt fyrir það varðveitt og nýtt alla þessa þekkingu samtímis og um leið bætt við nýrri með menntun. Galdurinn felst í aðferðum okkar við áhrifaríka varðveislu og varendun þekkingarinnar og miðlun hennar, en einnig í sérhæfingu og verkaskiptingu, framlengingu okkar sjálfra. Söfn eru ein þessara aðferða.

Fyrirbærið safn sem stofnun sem varðveitir og miðlar þekkingu í efnislegu og huglægu formi hefur verið til staðar um aldir. Þó söfn hafi verið starfrækt með afar mismunandi formi í gegnum aldirnar, hefur þörfin fyrir þau alltaf verið til staðar. Til eru heimildir um söfn á tímum forngríkkja. Eitt þekktast var safn í Alexandríu á þriðju öld fyrir Krist, sem varðveitti og miðlaði bæði rituðum heimildum og gripum af ýmsu tagi og var um leið menntastofnun sem lagði ekki sist áherslu á heimspeki og skapandi hugsun. Viðurkenndasta aðferð Gríkkja við varðveislu heimilda voru hins vegar langar og miklar kviður, sem ortar voru um ýmsa atburði og hetjudáðir og miðlað manna á milli. Kviðurnar voru sameiginlegur þjóðararfur öllum grískum borgríkjum og þjóðarbrotum. Þetta varðveisl- og miðlunarform reyndist langt frá því fullnægjandi, enda ofar mannlægri getu að bæta sífellt við þekkinguna með þessum hætti.

Söfn, sem aðferð samfélagsins við varðveislu og útbreiðslu þekkingar, eru því langt frá ný af nálinni. Það sem er nýtt er áherslan á mikilvægi þessara stofnana í samfélaginu. Menn eru sífellt að gera sér skýrari grein fyrir mikilvægi safna fyrir samheldni, virkni og framþróun samfélagsins. Sérfræðingar um safnamál í Evrópu tala um að söfn eigi stóran þátt í að skapa og viðhalda sjálfsmynd samfélaga. Sameining Evrópu og óljósari landamæri huglægs-, viðskiptalegs- og samgöngulegs eðlis, knýr á um að samfélög haldi vörð um sögu sína og sérkenni hennar. Samningur UNESCO frá 2005 um að vernda og styðja við menningarlega fjölbreytni er bein afleiðing þessara hugleiðinga og þessarar uppljómunar sérfræðinga - þörf er á aðgerðum hvað varðar varendun, viðhald og miðlun menningararfleifða þjóða.

Framþróun samfélags okkar hefur líklega aldrei í sögunni verið jafn ör og nú. Fyrir um það bil einni öld var á Íslandi einangrað bændasamfélag, nú er um að ræða hátækisamfélag í virkri útrás á heimsvísu. Samfélag sem áður var einseitt en er nú fjölskrúðugt og margbreytilegt, hvað varðar bæði einkenni, uppruna og einnig hugarfar íbúa. Aldraðir einstaklingar á Íslandi hafa lifað það að sjá höfuðborgina breytast úr afmörkuðu, litlu þorpi með moldarstræti, í iðandi fjölþjóðlega borg þar sem helstu almennu tækninýjungar sem heimurinn hefur upp á að bjóða eru hvarvetna nýttar í daglegu lífi. Okkur virðast nú engin takmörk sett í framþróun. Þjóðin er lítil, en stórhuga.

Hin öra þróun samfélagsins kallar á aðgerðir til örari þróunar aðferða þess við varðveislu og útbreiðslu þekkingar. Söfn spila þar lykilhlutverk og áriðandi er að huga að markvissri framþróun safna í takt við samfélagið. Ef, í hringiðu tímans og tækninnar, horft er framhjá mikilvægi safnstarfs, er grunnur samfélagsins alls lagður að veði.

Öflugt, faglegt og árangursríkt safnastarf tryggir að um ókomna tíð er varðveitt og vernduð samansöfnuð þekking um uppruna okkar, tilgang og stefnu og henni miðlað áfram. Menntunarhlutverk safna er eitt það mikilvægasta í því samhengi, enda til livils að varðveita þekkinguna ef ekki eru til staðar árangursríkar aðferðir við miðlun hennar og menntunar eintaklinga samfélagsins til nýsköpunar og framþróunar. Safnaráð lagði áherslu á umfjöllun um þetta hlutverk safna á metnaðarfullu málþingi í október 2005. Meðal frummælenda var David Anderson, sem stýrir fræðslu- og þjónustudeild Victoria and Albert Museum í London og stýrði jafnframt gerð lýðræðislega unninnar heildarstefnu stjórnvalda í Bretlandi á sviði menntunarhlutverks safna. David fjallaði á málþinginu um stefnuna og aðferðir Victoria and Albert Museum og sagði safnaumhverfið bjóða upp á nánast óendanlega möguleika, ekki síst hvað varðar menntun, sem enn væru víða ónýttir.

Margt mátti læra af orðum David Anderson og annarra frummælenda málþingsins, en þó vilji sé fyrir hendi takmarkast aðgerðir safnanna af takmörkuðum fjárframlögum. Þó jákvæðir áfangar hafi náðst, svo sem með endurbyggingu Þjóðminjasafns Íslands, er safnastarf á Íslandi fjársvelt sem fyrr. Birtist þetta fjársveldi ekki síst í úthlutun Safnaráðs úr Safnasjóði á árinu 2005. Fjárveitingar í Safnasjóði, sem í upphafi voru allt of lágar, hækkuðu ekki á árinu þrátt fyrir vonir manna og væntingar þar um. Þar að auki spruttu nýjar stofnanir í safnastarfi fram, stundum af brynni þörf til varðveislu og miðlunar á náttúru- og menningararf. Stundum sem svar við aukinni ferðamennsku og stundum sem atvinnuskapandi viðbrögð við niðurlögn ýmissa starfa í bæjum og þorpum á landsbyggðinni. Í sumum tilfellum átti allt þrennt framantalið við. Sumar þessara stofnana bættust við þann fjölda safna sem þiggur fjárveitingar úr Safnasjóði. Niðurstaðan varð sú að fjárveitingar á hvert safn lækkuðu og mikillar óánægju og vonleysis gætti meðal safnmanna. Skuldinni var ekki skellt á stjórnvöld fyrir aðgerðaleysi hvað varðar stefnumótun og uppbyggingu safnastarfs, heldur á Safnaráð sem umsjónaraðila hins takmarkaða og fjársvelta sjóðs.

Mikilvægt er að stjórnvöld marki stefnu um árangursríka, faglega og hagnýta uppbyggingu safnastarfs sem leið samfélagsins sér til viðhalds og þroska. Jafn mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því hvers vegna þörf er á slíkri stefnu og uppbyggingu og hvað liggur að veði. Á Akureyri er bugðótt og bratt einstigi sem liggur upp Brekkuna frá Samkomuhúsinu að Menntaskólanum. Sé maður á uppleið kallast stígurinn menntavegurinn, en sé maður á leið ofan kallast hann glötunarstígurinn. Það að flýta sér um of upp brattan stíginn skapar hættu á hrapi. Viljum við leggja metnað í að ganga menntaveginum öruggum og ábyrgum skrefum, veg uppbyggingar og framþróunar hvað varðar safnastarf og samfélagið allt? Eða hröpum við í ákafa okkar og stefnuleysi í stýringu hins nýja, hraðskreiða samfélags, niður glötunarstíginn, á svið stöðnunar og hnignunar? Erum við tilbúin til að leggja grunn samfélagsins, sérkenni þess og sögu, jafnt sem framþróun að veði? Í tilfellum sem þessum verður að bregðast fljótt og rétt við, önnur tækifæri gefast ekki, glataðar menningarminjar og heimildir verða ekki endurheimtar.

Rakel Halldórsdóttir,  
framkvæmdastjóri Safnaráðs

## Fulltrúar í Safnaráði

Safnaráð er skipað, skv. safnalögum nr. 106/2001, af fimm aðilum til fjögurra ára í senn. Samband íslenskra sveitarfélaga og Félag íslenskra safna og safnmanna (FÍSOS) tilnefna einn fulltrúa hvort auk varamanna. Auk þeirra eiga sæti í Safnaráði forstöðumenn höfuðsafna, Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúrufræðistofnunar Íslands og tilnefna þeir varamenn í sinn stað. Menntamálaráðherra skipar formann og varaformann úr hópi ráðsmanna. Á árinu 2005 var ráðið endurskipað í fyrsta sinn þar sem fjögurra ára skipunartímabil rann út 15. september 2005. Nokkurt hlé varð á fundarhaldi hjá ráðinu milli skipunartímabila, en nýtt ráð var skipað frá 1. nóvember 2005 til 1. nóvember 2009.

### Skipan Safnaráðs á árinu 2005:

Ráðsmenn:	Varamenn:
Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands, formaður Safnaráðs.	Karla Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri rekstrarsviðs Listasafns Íslands (skipuð til 15. september 2005).  Júlíana Gottskálksdóttir, safnstjóri Listasafns Einarssonar (skipuð frá 1. nóvember 2005).
Margrét Hallgrímsdóttir, þjóðminjavörður. (Varaformaður Safnaráðs frá 1. nóvember 2005).	Anna Guðný Ásgeirsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og þjónustusviðs Þjóðminjasafns Íslands
Jón Gunnar Ottósson, forstöðumaður Náttúrufræðistofnunar Íslands	Álfheiður Ingadóttir, útgáfustjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands
Gísli Sverrir Árnason, forstöðum. Menningarmiðst. Hornafjarðar (fulltrúi Samb. Ísl. sv.fél.), varaformaður Safnaráðs (skipaður til 15. september 2005).	Jónína A. Sanders, viðskiptafræðingur (skipuð til 15. september 2005).
Sveinn Kristinsson, forseti bæjarstjórnar Akraness (skipaður frá 1. nóvember 2005).	Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir (skipuð frá 1. nóvember 2005).
Jóhann Ásmundsson, forstöðumaður Minjasafns Egils Ólafssonar að Hnjóti og formaður FÍSOS lést 31. desember 2004, en hann var skipaður til 15. september 2005, ekki var skipað í hans stað það sem eftir lifði skipunartímans.	Sigrún Ásta Jónsdóttir, forstöðumaður Byggðasafns Reykjanesbæjar og varaformaður FÍSOS (skipuð til 15. september 2005).
Karl Rúnar Þórsson, formaður FÍSOS (skipaður frá 1. nóvember 2005).	Ágústa Kristófersdóttir, sýningastjóri Þjóðminjasafns Íslands (skipuð frá 1. nóvember 2005).

Framkvæmdastjóri Safnaráðs er Rakel Halldórsdóttir. Framkvæmdastjóri sér um allt er lýtur að rekstri skrifstofu Safnaráðs, veitir innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um safnamál, sinnir vefsíðu, málþingum og útgáfum, undirbýr ákvarðanir og fundi og sinnir framkvæmd ákvarðana ráðsins.

Safnaráð fundaði níu sinnum á árinu 2005. Fundargerðir ráðsins eru aðgengilegar á vefsíðu þess: [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is)

## Hlutverk Safnaráðs

Safnaráð er fjölskipað stjórnvald og stjórnsýslunefnd sem starfar undir menntamálaráðuneyti, skv. safnalögum nr. 106/2001, en einnig skv. lögum nr. 105/2001 um flutning menningarverðmæta úr landi og skil menningarverðmæta til annarra landa.

Skv. 3. og 11. gr. safnalaga er hlutverk Safnaráðs fjórþætt:

- 1) Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna.
- 2) Safnaráð hefur eftirlit með söfnum sem hljóta ríkisstyrki.
- 3) Safnaráð úthlutar úr Safnasjóði.
- 4) Sæki safn um styrk til menntamálaráðuneytis skv. 11. gr. safnalaga til öflunar húsnæðis fyrir starfsemina er styrkveiting háð samþykki Safnaráðs á stofnkostnaði og húsnæði.

Skv. 2., 4., 5., 6. og 7. gr. laga nr. 105/2001 og 7. gr. safnalaga bætist annað tvíþætt hlutverk við hin fyrri:

- 5) Safnaráð veitir formlegt leyfi til útflutnings muna eða gripa sem teljast til menningarverðmæta skv. 2. og 4. gr. laga nr. 105/2001.
- 6) Safnaráð skal annast framkvæmd skila á menningarminum, er fluttar hafa verið með ólöglegum hætti til Íslands, til hlutaðeigandi ríkja.

Hlutverk Safnaráðs er því afar fjölþætt og spannar breitt svið íslensks menningararfs.

Á 14. fundi Safnaráðs þann 30. janúar 2003 voru samþykktar verklagsreglur ráðsins fyrir 2003-2005, sem framlengdar voru á fundi ráðsins þann 16. febrúar 2006, en skv. verklagsreglunum er hlutverk Safnaráðs:

- að meta starfsemi safna
- að halda skrá yfir söfn í landinu
- að stjórna Safnasjóði og veita úr honum styrki samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins
- að hafa eftirlit með söfnum og þeim framkvæmdum sem ráðið styrkir
- að veita ráðgjöf og fræðslu um safnamál

Ljóst er skv. verklagsreglum að megináhersla er lögð á fyrstu 3 lögbundnu hlutverk ráðsins, enda marka þessi þrjú hlutverk stærstan þátt starfseminnar enn sem komið er.

Safnaráð stjórnar Safnasjóði og veitir styrkjum úr sjóðnum til safna skv. safnalögum nr. 106/2001. Í fyrsta frumvarpi til safnalaga sagði orðrétt: „Lagt er til að stofnaður verði sérstakur sjóður er beri heitið safnasjóður sem hafi það hlutverk að sjá um styrkveitingar til safna. Með stofnun slíks sjóðs er tryggð aukin samkvæmni í styrkveitingum og aukið eftirlit með þeim söfnum sem fá styrki.“<sup>1</sup> Samkvæmni í styrkveitingum og aukið faglegt eftirlit með söfnum er hljóta ríkisstyrki voru því meginmarkmiðin með stofnun Safnasjóðs.

Úthlutunarreglur Safnasjóðs voru staðfestar af menntamálaráðherra þann 6. maí 2003, en voru þær settar með vísan til 10. gr. safnalaga nr. 106/2001.

Á fjárlögum 2002, fyrsta árið sem sjóðurinn starfaði, var fjárveitingin 58 millj. og sjóðurinn myndaður að stærstum hluta af fjármagni sem áður hafði verið útteilt til byggðasafna af Þjóðminjasafni, eða

<sup>1</sup> Frumvarp til safnalaga. 126. löggjafarþing 2000-2001. Þskj. 238 – 224. mál.



39 millj. kr. af fjárlagalið 02-902-1.10 Þjóðminjasafn, byggða- og minjasöfn. Við það bættust 16 millj. kr. af liðnum 02-919-1.90 Söfn, ýmis framlög og 3 millj. kr. af fjárlagalið umhverfisráðun. 14-190-1.59 Náttúrusöfn.<sup>2</sup>

Á fjárlögum 2003 var fjárveiting óbreytt frá fyrra ári, eða 58 millj. kr. Árið 2004 var fjárveiting hækkuð um 8 millj. kr. eða í 66 millj. kr. Engin hækkun var á Safnasjóði milli ára, en 2005 var fjárveiting aftur 66 millj. kr.

Safnasjóður fékk eigin kennitölu á árinu 2004 skv. heimild frá menntamálaráðuneyti (dags. 2. júlí 2004). Kennitala Safnasjóðs er 700904-3340.

---

<sup>2</sup> Fjárlög 2002, bls. 262.

## Starfsemi Safnaráðs 2005

### Rekstur skrifstofu Safnaráðs 2005

Skrifstofa Safnaráðs var stofnsett með ráðningu starfsmanns Safnaráðs (siðar framkvæmdastjóra)<sup>3</sup> 10. febrúar 2003. Skrifstofan var í fyrstu staðsett í þáverandi skrifstofuhúsnæði Þjóðminjasafns Íslands að Lyngási 7-9 í Garðabæ. Þegar endurnýjað húsnæði Þjóðminjasafns Íslands við Suðurgötu var tekið í notkun flutti skrifstofa Safnaráðs þangað tímabundið, eða þar til safnstjóri Listasafns Íslands tók við formennsku í ráðinu 1. febrúar 2004. Skrifstofan hefur síðan þá verið staðsett á 3. hæð í skrifstofubyggingu Listasafns Íslands að Laufásvegi 12, 101 Reykjavík. Skv. þjónustusamningi við Listasafn Íslands leigir Safnaráð leigt aðsetur og þjónustu (s.s. símapjónustu og nýtingu aðstöðu og aðbúnaðs Listasafns Íslands) fyrir skrifstofu ráðins.

Skv. rekstraráætlun fyrir 2005 var gert ráð fyrir umsýslugjaldi v. starfsemi Safnaráðs kr. 9.600.000. Í umræddu gjaldi er allur rekstur skrifstofu Safnaráðs þar með talinn tölvubúnaður og hugbúnaður, launagreiðslur og launatengd gjöld vegna starfsmanns, nefndarlaun og ferðakostnaður vegna funda og starfsemi ráðsins, auglýsingakostnaður vegna Safnasjóðs, kostnaður vegna málþinga/ráðstefna og útgáfu Safnaráðs og annar ófyrirséður kostnaður. Vegna siaukins umfangs skjalavinnslu í tengslum við starfsemi Safnaráðs var á árinu keypt Focal skjalakerfi hjá Hópvinnukerfum ehf til skjalavörslu. Kerfið er sambærilegt skjalakerfum Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands. Heildar umsýsla á árinu 2005 varð tæplega 8 millj. kr. Eftirstöðvarnar voru inneign í Safnasjóði fyrir árið 2006. Ríkisendurskoðun sér um endurskoðun ársreikninga Safnaráðs.

### Skilgreiningar

Skv. 4. gr. [safnalaga nr. 106/2001](#) er safn stofnun sem safnar, varðveitir, skráir, rannsakar og miðlar, m.a. með sýningum, heimildum um menningu okkar og/eða náttúru. Á Íslandi er fjöldinn allur af stofnunum sem stunda a.m.k. hluta þeirra þátta sem skilgreindir eru sem safnastarf skv. 4. gr.

Pau hugtök sem 4. gr. nær til eru ekki skilgreind eða útskýrð nánar í lögum eða reglugerðum. Safnaráð hefur nokkuð fjallað um skýrgreiningu á hugtakinu „safn“.

#### Safn

Til að fá sem nákvæmasta yfirsýn yfir umfang safnastarfs í landinu hefur frkv.stj. safnað saman upplýsingum um menningarminja-, náttúruminja- og listastofnanir á sviði safnastarfs. Í heild hefur skráin að geyma um 210 stofnanir á sviði safnastarfs á Íslandi og eru þá meðtalin söfn, safnvisar og setur (setur stunda suma, ekki alla þætti safnastarfs), sýningar (fyrst og fremst miðlun) og helstu félög á sviði safnastarfs (þ.m.t. Félag íslenskra safna og safnmanna, Íslandsdeild ICOM, alþjóðráðs safna og Félag íslenskra safnafræðinga).

<sup>3</sup> Í samræmi við umfang og eðli starfsins var starfsheiti breytt í framkvæmdastjóri skv. ákvörðun Safnaráðs á fundi þann 18. september 2003

Gróflega áætlað eru söfn á Íslandi um 75 talsins, setur og safnvisar rúmlega 90 og sýningar og önnur safnastarfsemi um 45.

#### Hugtakanotkun:

Ólíkt því sem tíðkast erlendis (sbr. museum) hefur notkun íslenska hugtaksins safn vafist fyrir mönnum, þar sem um er að ræða hugtak sem bæði er notað yfir hinar eiginlegu stofnanir sem sinna öllum þáttum safnastarfs og einnig yfir samansafn hluta eða safnkostinn (sbr. collection). Í daglegu tali virðist almenningur nota hugtakið safn yfir flestalla starfsemi á safnasviði en til eru önnur hugtök sem eiga betur við um starfsemi þar sem ákveðnir þættir safnastarfs fara fram.

Hugtakið setur hefur náð nokkurri útbreiðslu yfir stofnanir er *sinna ákveðnum þáttum safnastarfs*, þá aðallega skráningu, upplýsingaöflun eða takmörkuðum rannsóknum og miðlun. Samskonar stofnanir hafa stundum verið nefndar safnvisar, þar sem óljóst er hvort umfang starfseminnar mun aukast yfir í það að innihalda alla þætti safnastarfs. Mörkin milli safns og seturs geta verið óljós en í slíkum tilfellum sker faglegt álit ráðsmanna í Safnaráði úr, en álitíð er byggt á greinargóðri þekkingu og samanburði á stofnunum.

Hugtakið sýning hefur verið notað yfir stofnanir þar sem fyrst og fremst er um að ræða miðlun.

Safnaráð hefur ekki gefið út formlega ályktun á fyrrgreindum hugtökum sem lýsa starfi mismunandi stofnana í safnastarfi að öðru leyti en því að stofnanir sem hlotið hafa styrki úr Safnasjóði eru taldar uppfylla skilyrði safnalaga að mati ráðsins og geta því með réttu kallast söfn. Mat ráðsins á því hvort safn uppfyllir skilyrði laganna um faglegt safnastarf byggir á þekkingu ráðsmanna á söfnunum, heimsóknum á söfnin og þeim ítarupplýsingum um starfsemina sem söfnin skila inn með umsókn.

#### **Söfnun, varðveisla, rannsóknir, miðlun**

Ekki hefur verið skilgreint opinberlega hvað hugtökin „söfnun“, „varðveisla“, „rannsóknir“ og „miðlun“ sbr. 4. gr. safnalaga, fela í sér. Í Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008 eru þessi hugtök skýrð að nokkru. Þar fyrir utan eru sérfræðiþekking ráðsmanna og framkvæmdastjóra og yfirsýn þessara aðila grunnur ákvarðana er varða skilgreiningar ofangreindra hugtaka.

## Innlend og alþjóðleg aðild og samvinna

---

### Félag íslenskra safna og safnmanna

Framkvæmdastjóri Safnaráðs er aðili að Félagi íslenskra safna og safnmanna. Skv. upplýsingum á vefsíðu félagsins [www.safnmenn.is](http://www.safnmenn.is) eru markmið félagsins „... fernskonar og bundin í lög félagsins; að efla samstarf og kynni milli safna og safnmanna, fjalla um safnamál, auka þekkingu og fræðslu á söfnum og safnstörfum og annast samskipti við safnmenn og hliðstæð samtök erlendis. Í öðru lagi að leitast við að tryggja réttindi og hagsmuni félagsmanna. Í þriðja lagi að halda Farskóla safnmanna þar sem starfsmenn safna fái starfsfræðslu og endurmenntun. Og í fjórða lagi að gefa út fréttabréf. Þessum markmiðum er einnig reynt að ná með útgáfustarfsemi, fundahaldi, fyrirlestrum, námskeiðum og ferðalögum.“

Framkvæmdastjóri sótti farskóla FÍSOS árið 2005 á Siglufirði, en farskólinn var í boði Síldarminjasafnsins á Siglufirði það ár.

### Félag íslenskra safnafræðinga

Framkvæmdastjóri Safnaráðs var einn stofnenda Félags íslenskra safnafræðinga, sem stofnsett var 24. nóvember 2005. Skv. lögum félagsins eru markmið þess: Að efla faglega vitund íslenskra safnafræðinga og skapa vettvang fyrir umræður og skoðanaskipti þeirra á milli. Að efla rannsóknir og kennslu í safnafræði á háskólastigi og kynna fræðigreininna meðal íslenskra safnmanna og almennings. Að gæta faglegra hagsmuna félagsmanna sinna og stuðla jafnframt að samvinnu við þá sem starfa við tengd störf á söfnum landsins. Að koma á og annast samskipti við sambærileg

félög erlendis og fylgjast með straumum og stefnm innan fagsins. Að vera ráðgefandi aðili á sviði safnamála og veita umsagnir og álit í samræmi við starfssvið félagsins.

### ICOM alþjóðaráð safna

Framkvæmastjóri Safnaráðs hefur verið aðili að ICOM, alþjóðaráði safna frá árinu 2004. ICOM eru alþjóðleg samtök safna og safnmanna og telja samtökin nær 110 aðildarlönd. Samtökin starfa bæði í þjóðdeildum og einnig í alþjóðlegum fagnefndum, sem nú eru um 25 talsins. ICOM er samstarfsaðili UNESCO á sviði safnamála og varðveislu menningarminja. Skrifstofa ICOM er staðsett í húsnæði UNESCO í París. Samtökin standa fyrir árlegum fundum ráðgjafanefndar sem í eiga sæti formenn þjóðdeilda og fagnefnda. Þriðja hvert ár er haldin allsherjarráðstefna þar sem á annað þúsund safnmenn koma saman.

Starfrækt er Íslandsdeild ICOM en formaður hennar er Lilja Árnadóttir, fagstjóri Munasafns Þjóðminjasafns Íslands. Íslandsdeildin hefur eigin vefsíðu: [www.icom.is](http://www.icom.is)

### European Museum Forum

Árið 2004 gerðist Safnaráð sem stofnun aðili að European Museum Forum (EMF). EMF eru óháð, ópólitísk samtök sem starfa undir vernd Evrópuráðsins (The Council of Europe). Hin 46 aðildarlönd Evrópuráðsins koma flestöll á einhvern hátt að starfsemi EMF. Allt starf aðildarfélaga í þágu samtakanna er unnið í sjálfböðavinnu. Samtökin standa fyrir árlegri samkeppni safna um Safn Evrópu (The European Museum of the Year Award). Veitt eru þrenn verðlaun í samkeppninni:

- Verðlaunin Safn Evrópu ársins (The European Museum of the Year Award).
- Verðlaun Evrópuráðsins (The Council of Europe Award) sem veitt eru til safns sem talið er hafa lagt eftirtektarvert framlag til aukins skilnings á menningararfleifð Evrópu.
- Micheletti verðlaunin (the Micheletti Award) sem eru bjartsýnisverðlaun til safns á sviði iðnaðar og/eða tækni.

Meginmarkmið EMF er að bæta starfsemi safna með því að yta undir nýjar hugmyndir varðandi eftirfarandi hjá söfnum:

- Framsetningu og túlkun
- skipulag og stjórnun
- þætti sem hafa áhrif á upplifun safngesta
- stækkun og breikkun gestaflóru
- nýtingu fjármagns á skapandi hátt

Framkvæmdstjóri Safnaráðs gerðist tengiliður EMF á Íslandi (National Correspondent) í desember 2005. Hlutverk tengiliðar EMF felst fyrst og fremst í því að tilkynna EMF um mikilvæga þróun safnamála á Íslandi. Jafnframt skal tengiliður aðstoða dómnefnd European Museum of the Year Award við dómnefndarstörf á Íslandi í tengslum við tilnefnd söfn til samkeppninnar. Einnig skal tengiliður kynna starfsemi EMF og EMYA eftir því sem við á í sínu heimalandi.

### Samkeppni European Museum of the Year Award 2006

Þjóðminjasafn Íslands var tilnefnt til samkeppni EMYA 2006 af Safnaráði á fundi ráðsins 13. janúar 2005. Ástæða tilnefningar var vel heppnuð endurskipulagning og endurhönnun safnsins, sem



skapar mikilvæg viðmið fyrir safnastarf í landinu. Var þetta í annað sinn sem Safnaráð tilnefnir safn til samkeppninnar, en Síldarminjasafnið var tilnefnt til keppninnar árið 2004, fyrst íslenskra safna. Hlaut Síldarminjasafnið Micheletti verðlaunin, sem veitt eru safni á sviði iðnaðar- og/eða tækni, það ár. Dr. Wim van der Weiden, formaður EMF og Massimo Negri, framkvæmdastjóri EMF heimsóttu Ísland til að meta Þjóðminjasafnið í september 2005, en hinn 24. september tóku dómnefndarmenn safnið út, skoðuðu og kynntu sér sýningar, aðstöðu og starfsemi og áttu þess kost að hitta flesta starfsmenn að máli.

Þjóðminjasafn Íslands. Mynd: Þjóðminjasafn Íslands

Fjörutíu þúsund söfnum víðsvegar í Evrópu stendur til boða þátttaka í þessari virtu keppni ár hvert. Er hefðin sú að um 60% (yfirleitt um 50 söfn) þeirra safna sem tilnefningu hljóta á ári hverju er boðin áframhaldandi þátttaka skv. mati dómnefndar. Skilyrði fyrir þátttöku eru að um sé að ræða nýtt safn, sem opnað var almenningi á sl. tveimur árum, eða að um sé að ræða safn þar sem á sl. tveimur árum hefur farið fram umfangsmikil endurhönnun, endurskipulagning eða breytingar á starfsemi eða aðstöðu.

## Málþing um menntunarhlutverk safna

---

Málþingi Safnaráðs um menntunarhlutverk safna þann 21. október 2005 var ætlað að efla skilning á menntunarhlutverki safna í samfélaginu og hve mikilvægt það er að skapa umhverfi þar sem söfnum er gert kleift að sinna þessu hlutverki á áhrifaríkan hátt. Söfn gegna mikilvægu hlutverki í símenntun almennings. Þau eru einstakar menntastofnanir, þar sem almenningur getur aflað sér þekkingar út frá eigin forsendum, í návígi við uppruna þekkingarinnar, safngripi og aðrar frumheimildir.

Athygli var beint að gildi safna í að skapa almenningi lífsgæði í gegnum símenntun og aðgengi að söfnum. Varpað var ljósi á mikilvægi virks samstarfs safna og annarra menningarstofnana, skólakerfis og menntunarleiða í samfélaginu.

Ólafur Kvaran, safnstjóri Listasafns Íslands og formaður Safnaráðs setti málþingið og flutti Steingrímur Sigurgeirsson, aðstoðarmaður menntamálaráðherra, stutta tölu um stefnumörkun stjórnvalda hvað varðar menntunarhlutverk safna að því loknu.

Fundarstjóri fyrir hádegi var Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri Safnaráðs.

Fyrir hádegi var fjallað um erlendar fyrirmyndir, hugmyndir og fræðilegar áherslur.

Tveir virtir erlendir fræðimenn á þessu sviði fluttu erindi.

David Anderson starfar sem Director of Learning and Visitor Services hjá Victoria and Albert Museum í London. Í september 1993 fór breska ríkið þess á leit við Anderson að hann ritaði þjóðarskýrslu um menntunarhlutverk safna. Skýrslan, sem kallast A Common Wealth, var gefin út í janúar 1997 og vakti mikla athygli. Einnig: Sjá viðtal Guðbrands Benediktssonar og Rakelar Halldórsdóttur við David Anderson, um menntunarhlutverk safna, í Sögu XLIV:1 2006, bls. 7-19 (timariti Sögufélagsins).

Helene Illeris er Associate Professor hjá The Danish University of Education (Danmarks Pædagogiske Universitet) og er sérþekking hennar m.a. á sviði menntunar á listasöfnum og listsýningum.

Fyrirlesarar svöruðu fyrirspurnum að loknum erindum.

Eftir hádegi var fjallað um hlutverk og stöðu íslenskra safna sem þátttakendur í símenntun almennings.

Erindi fluttu:

Rakel Pétursdóttir, deildarstjóri fræðsludeildar Listasafns Íslands, Sigrún Kristjánsdóttir, fagstjóri safnfræðslu Þjóðminjasafns Íslands, Hilmar Malmquist, forstöðumaður Náttúrufræðistofu Kópavogs og Ólafur Proppé, rektor Kennaraháskóla Íslands. Ólafur Proppé kynnti á málþinginu hugmyndir Kennaraháskóla Íslands um meistaranám í safnfræðslu (eða menntun á söfnum) við skólann.

Pallborðsumræður voru að loknum erindum.

Fundarstjóri eftir hádegi var Gíslí Sverrir Árnason, kynningarstjóri Þjóðminjasafns Íslands.

Erindi frummælenda málfþingsins eru aðgengileg á vefsíðu safnaráðs [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is)

## Könnun á viðhorfum safnmanna til aðferða við úthlutun úr Safnasjóði

---

Könnun á viðhorfum safnmanna til aðferðar við úthlutun úr Safnasjóði fylgdi umsóknareyðublaði fyrir umsóknir úr Safnasjóði 2005. Markmið könnunarinnar var að fá vísbendingar um almennan vilja forsvarsmanna styrkhæfra safna um aðferðir við úthlutun úr Safnasjóði.

Af 78 safnastofnunum sem sóttu um svöruðu 34. Í stuttu máli voru niðurstöðurnar þessar:

**52%** töldu mikilvægt að megináhersla væri á rekstrarstyrki, en verkefnastykir myndu mæta afgangi.

**60%**, töldu að úthluta ætti flötum rekstrarstyrkjum eins og verið hafði undanfarin ár.

**64%** voru hlynnt því að söfn væru flokkuð í tvo flokka eftir getu til grunnreksturs og úthlutað í samræmi.

Nokkuð var rætt um þá niðurstöðu að könnunin hafi sýnt að flestir safnmenn teldu mikilvægt að megináhersla við úthlutun úr Safnasjóði væri á rekstrarstyrki. Setja verður þó spurningarkerki við áreiðanleika þeirrar niðurstöðu þegar litið er til þess að verið var að leita eftir vísbendingum um almennan vilja forsvarsmanna styrkhæfra safna. Einungis þær stofnanir sem sóttu um í sjóðinn það árið áttu þess kost að svara könnuninni og hlutfall þeirra sem svöruðu af umsækjendum var lágt (43,6%). Jafnframt er ekki afgerandi meirihluti sem taldi mikilvægt að megináhersla væri á rekstrarstyrki heldur naumur meirihluti (52%). Um var að ræða eins manns mun, en af þeim 33 manns sem svöruðu spurningunni (af 34 sem svöruðu könnuninni) merktu 17 við þennan valkost en 16 merktu við hina valkostina (kusu að megináhersla væri á verkefnastyki eða jöfn áhersla).

## Íslenski safnadagurinn

---

Árið 2005 tók skrifstofa Safnaráðs við framkvæmd kynningar á Íslenska safnadeginum sem haldinn var 10. júlí það ár.

Íslenski safnadagurinn var fyrst haldinn 1997, að frumkvæði Íslandsdeildar ICOM, alþjóðaráðs safna. Kynning dagsins var til marga ára í umsjá Íslandsdeildar ICOM, Íslenski safnadagurinn er annar sunnudagur í júlí ár hvert.

### Markmið Íslenska safnadagsins

Markmið með íslenska safnadeginum er að vekja fólk til vitundar um mikilvægi faglegrar varðveislu og miðlunar hinna sameiginlegu verðmæta þjóðarinnar og jafnframt um þá einstöku leið til lifandi þekkingaröflunar og afþreyingar fyrir alla, sem stofnanir í safnastarfi ástunda.

### Dagskrá Íslenska safnadagsins

Söfn eru árlega hvött til að halda daginn hátíðlegan á einn eða annan hátt í dagskrá sinni. Sl. ár hefur slagorð dagsins verið "fyrir fjölskylduna" og söfn hvött til að bjóða upp á dagskrá fyrir alla fjölskylduna í tilefni dagsins. Flestöll söfn bjóða jafnframt upp á ókeypis aðgang í tilefni dagsins. Íslandsdeild ICOM sá til marga ára um framkvæmd á kynningu dagskrár Íslenska safnadagsins. Undirbúningsnefnd Íslenska safnadagsins, sem í sitja, ásamt frkv.stj. Safnaráðs, fulltrúar höfuðsafna (Þjóðminjasafns Íslands, Listasafns Íslands og Náttúruminjasafns Íslands), Íslandsdeildar ICOM og Félags íslenskra safna og safnmanna, sér um að ákvarða útfærslu á kynningu og skrifstofa Safnaráðs sér um frekari framkvæmd.

Auglýsing í Morgunblaðinu

Hefðin er sú að stór sameiginleg auglýsing safna er birt í Morgunblaðinu daginn fyrir Íslenska safnadaginn, þar sem dagskrá safnadagsins er kynnt og athygli vakin á blómlegri starfsemi á þessu sviði.

Eftirfarandi stofnanir í safnastarfi tóku þátt í sameiginlegri kynningu íslenska safnadagsins 2005:

Bóka- og byggðasafn Norður Þingeyinga  
Brydebúð - Sýning í Brydebúð  
Byggðasafn Garðskaga  
Byggðasafn Hafnarfjarðar  
Byggðasafn Skagfirðinga  
Byggðasafnið Hvoll, Dalvíkurbyggð  
Gljúfrasteinn, hús skáldsins.  
Grasagarður Reykjavíkur  
Hafnarborg, Menningar- og listastofnun Hfj.  
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi  
Húsið á Eyrarbakka  
Iðnaðarsafnið á Akureyri  
Laufás, Munasafn  
Listasafn ASÍ  
Listasafn Árnesinga  
Listasafn Íslands  
Listasafn Reykjanesbæjar  
Listasafn Reykjavíkur  
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Listasafnið á Akureyri  
Ljósmyndasafn Reykjavíkur  
Lyfjafræðisafnið  
Menningarmiðstöð Hornafjarðar  
Flug-Minjasafn Egils Ólafssonar  
Minjasafn Jóns Sigurðssonar  
Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn  
Minjasafnið á Akureyri  
Náttúrufræðistofa Kópavogs  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar  
Nonnahús  
Safnahús Borgarfjarðar  
Safnahús Vestmannaeyja  
Safnaráð (greiðir 20.000, neðst m. lógó)  
Safnastofnun Fjarðabyggðar  
Safnasvæðið á Akranesi  
Saltfisksetur Íslands í Grindavík  
Sjóminjasafnið í Reykjavík, Víkin  
Smámunasafn Sverris Hermannssonar  
Snjálfjallasetur  
Veiðisafnið  
Þjóðminjasafn Íslands (greiðir 20.000, neðst m. lógó)  
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftf., Skógum  
Búvélasafnið á Hvanneyri  
Draugasetrið, Stokkseyri  
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna  
Félag íslenskra safna og safnmanna (greiðir 20.000, neðst m. lógó)  
Sögusetrið á Hvolsvelli (á Njálslóð)  
Norræna húsið  
Flugminjasafn Íslands  
Nýlistasafnið  
Skríðuklaustur í Fljótsdal (Gunnarsstofnun)

Byggðasafn Reykjanesbæjar (áður Suðurnesja)

## Vefsíða Safnaráðs

---

Framkvæmdastjóri Safnaráðs er jafnframt umsjónarmaður og ritstjóri vefsíðu ráðsins. Framkvæmdastjóri hannaði og opnaði vefsíðu fyrir ráðið í maímánuði 2003. Vefsíðan var þá unnin í vefsíðugerðarforritið FrontPage. Í október 2005 gerði Safnaráð samning við EC-hugbúnað um hýsingu vefsíðu Safnaráð og útfærslu í EC-web vefumsjónarkerfi.

Vefsíðan hefur slóðina [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is). Á vefsíðu ráðsins eru allar upplýsingar um ráðið og starfsemi þess, en einnig er þar að finna leiðbeiningar og fróðleik um hina ýmsu þætti safnastarfs.

## Menntun safnmanna

---

Stofnanir í safnastarfi sinna hinu tímafreka og vandasama starfi sem liggur að baki vinnslu heimilda, efnislegra og huglægra, frá vali að kynningu. Valið, söfnun, felur óhjákvæmilega í sér gildismat, val á því hvað skal varðveita og verja frá því að falla í tímans gin. Það er meðal annars sökum þessarar nauðsynar á gildismati sem mikilvægt er að á söfnum starfi fagfólk. Ábyrgðin er stór, því það sem er safnað myndar safnkost safnsins, þær heimildir sem varðveittar eru og miðlað til komandi kynslóða. Mikilvægt er að ekki einungis söfnun heldur meðferð safnkosts í heildina, varðveisla, forvarsla, rannsóknir og miðlun auk söfnunar, sé vandað og faglegt til að það beri árangur og að þeir sem koma að því starfi hafi til að bera fagþekkingu.

Menntun safnmanna hér á landi hefur hingað til oftast tengst viðfangsefni safnsins á einhvern hátt.

Skv. upplýsingum sem Safnaráð safnaði árið 2004 var menntun forstöðumanna 61 stofnunar í safnastarfi af hinum ýmsa toga, en enginn þeirra hafði lokið háskólagráðu með safnafræði sem aðalgrein. Nær helmingur þessa hóps forstöðumanna (30 aðilar) hafði menntun úr eftirfarandi greinum, sem tengjast viðfangsefnum safna:

Listasaga	4
Ljósmyndun	5
Myndlist	4
Sagnafræði	10
Þjóðfræði	4
Bókasafnsfræði	3
<b>Samtals:</b>	<b>30</b>

### Safnafræði:

Safnafræði sem sérstök fræðigrein hefur verið kennd víða um heim árabil þó greinin sé nokkuð ný af nálinni. Þar til nýlega hefur ekki verið boðið upp á sérstakt nám í safnafræði hér á landi og hafa fáir Ísendingar hingað til leitað þessarar menntunar erlendis.

### Háskóli Íslands:

Á vefsíðu Háskóla Íslands fyrir safnafræði kemur fram að frá árinu 2001 hefur námskeið í safnafræði verið kennt innan mannfræði- og þjóðfræðiskorar við Háskóla Íslands. Haustið 2004 var kennsla í



safnafræði aukin upp í 30 eininga fag (unnt að taka safnafræði sem aukafag til BA-prófs). Námið er samstarfsverkefni Félagsvísindadeildar og Heimspekideildar.<sup>4</sup> Á árinu 2005 komu til tals hugmyndir um diplóma- eða meistaranám í safnafræði við Háskóla Íslands.

### Tengt sérnám:

#### Kennaraháskóli Íslands:

Á árinu 2005 komu til tals hugmyndir um meistaranám í safnkennslu við Kennaraháskóla Íslands.

#### Viðskiptaháskólinn á Bifröst:

Frá árinu 2004 hefur Viðskiptaháskólinn á Bifröst, viðskiptadeild, boðið upp á Meistaranám í menningar- og menntastjórnun, en námið fjallar um stofnanir sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og kemur lítillaga inn á safnafræði.

#### Háskólinn á Hólum:


Háskólinn á Hólum bauð upp á nýtt námsefni á árinu 2004 er kallast „Staðarverðir“. Markmiðið með náminu er skv. námskeiðslýsingu frá skólanum „... að mennta / þjálfra fólk til móttöku gesta á sögu- og menningarstöðum þjóðarinnar (Skálholt, Reykholt, Hólar, Gásir, osfrv.), í friðuðum húsum og á öðrum stöð þar sem menningarminjar er að finna, sem og á söfnum og sýningum sem byggjast á sögu og menningu (sbr. byggðasöfn, Njáluslóðir, Eiríksstaðir, galdrasýning, o.s.frv.).“

## Safnasjóður 2005

Fjárveiting í Safnasjóð á fjárlögum 2005 var 66.000.000 kr. Alls sóttu 82 aðilar um styrki úr sjóðnum fyrir árið 2005. Sótt var um rekstrarstyrki að heildarupphæð 93.000.000 kr.<sup>5</sup> og verkefnastyrki að heildarupphæð 104.840.000 kr. Í heildina var því sótt um styrki að upphæð 197.840.000 kr.

Af 82 umsóknaraðilum hlutu 50 styrki samtals að upphæð 54.740.000 kr. Einungis var unnt að mæta 28% af þörf safna fyrir fé úr sjóðnum m.v. umsóknir.

**Hlutfall veittra styrkja úr Safnasjóði 2003-2005 af heildarupphæð umsókna.**



Styrkveitingar 2005 voru eftirfarandi:

### Styrkveitingar úr Safnasjóði 2005

<sup>4</sup> <http://www.hi.is/~tery/museology/>

<sup>5</sup> Ekki var tilgreind upphæð þegar sótt var um rekstrarstyrk á umsóknareyðublaði. Heildarupphæðin er reiknuð út frá rekstrarstyrk á árinu 2004 en þá voru veittar 1,5 millj. kr. sem heill rekstrarstyrkur.

Samþykkt 7. mars og 31. mars 2005

Heiti stofnunar:	Rekstur	Verkefni	Samtals:
Bóka- og byggðasafn Norður Þingeyinga	600.000 kr.		600.000 kr.
Byggðasafn Dalamanna		250.000 kr.	250.000 kr.
Byggðasafn Garðskaga			0 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftf. í Skógum	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1.200.000 kr.	300.000 kr.	1.500.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ	1.200.000 kr.	750.000 kr.	1.950.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla (Norska húsinu)	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Byggðasafnið Breiðdalsvík			0 kr.
Byggðasafnið Hvoll, Dalvíkurbyggð	1.000.000 kr.	300.000 kr.	1.300.000 kr.
Farskóli safnmanna 2005 (Sildarminjasafnið á Siglufirði)*		300.000 kr.	300.000 kr.
Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Flugsafnið á Akureyri	600.000 kr.		600.000 kr.
Fugla- og steinasafn Djúpvogshrepps			0 kr.
Gerðuberg - listaverkasafnið Gagn og gaman			0 kr.
Grafíksafn Íslands			0 kr.
Hafnarborg, Menningar- og listastofnun Hfj.	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	1.000.000 kr.	300.000 kr.	1.300.000 kr.
Héraðsskjalasafn Skagfirðinga v. ljósmyndasafns			0 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn Árnesinga	1.800.000 kr.		1.800.000 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn Árnesinga, Náttúrusafn			0 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn v. Rjómbús á Baugsst.		500.000 kr.	500.000 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Sjóminjasafnið á Eyrarbakka			0 kr.
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
ICOM Íslandsdeild, Alþjóðaráð safna - Íslandsdeild			0 kr.
Iðnaðarsafnið á Akureyri	600.000 kr.		600.000 kr.
Kvennasögusafn Íslands (skjalasafn)			0 kr.
Leikminjasafn Íslands	600.000 kr.		600.000 kr.
Listasafn Árnesinga	600.000 kr.	400.000 kr.	1.000.000 kr.
Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Listasafn Reykjanesbæjar	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur	1.200.000 kr.	250.000 kr.	1.450.000 kr.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		1.040.000 kr.	1.040.000 kr.
Listasafnið á Akureyri			0 kr.
Listasetrið Kirkjuvoll, Akranesi			0 kr.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	1.200.000 kr.	300.000 kr.	1.500.000 kr.
María Júlía BA 36 - samstarfsverkefni			0 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Byggðasafn Austur-Skaftaf.s.	1.800.000 kr.	500.000 kr.	2.300.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Listasafn Austur-Skaftaf.s.		Sjá aths.	
Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Náttúrugripas. Austur-Sk.f.s.			0 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar	1.000.000 kr.	500.000 kr.	1.500.000 kr.
Minjasafn Reykjavíkur	1.200.000 kr.	500.000 kr.	1.700.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	1.200.000 kr.	400.000 kr.	1.600.000 kr.
Minjasafnið á Bustarfelli	400.000 kr.		400.000 kr.
Myndasafn.is - Safn Mats Wibe Lund			0 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar			0 kr.
Náttúrugripasöfn á Íslandi - gagnagrunnur fyrir náttúrusöfn		2.000.000 kr.	2.000.000 kr.
Nonnahús			0 kr.
Nýlistasafnið		150.000 kr.	150.000 kr.
Safnahús Borgarfjarðar - Byggðasafn Borgfirðinga	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Safnahús Borgarfjarðar - Náttúrugripasafn Borgarfj.			0 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Byggðasafn Vestmannaeyja	1.200.000 kr.	250.000 kr.	1.450.000 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Listasafn Vestmannaeyja			0 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Ljósmyndasafn Vestmannaeyja			0 kr.
Safnahúsið á Egilsstöðum - Minjasafn Austurlands	1.200.000 kr.	500.000 kr.	1.700.000 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Byggðasafn Suður-Þingeyinga	1.800.000 kr.	1.000.000 kr.	2.800.000 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Myndlistarsafn			0 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Náttúrugripasafn			0 kr.

Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði - Listasafn Ísafjarðar			0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði - Ljósmyndasafnið Ísafirði			0 kr.
Safnasafnið á Svalbarðseyri	600.000 kr.	150.000 kr.	750.000 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Íslenska stríðsárasafnið			0 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Náttúrugripasafnið í Nesk.st.		500.000 kr.	500.000 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Safn Jósafats Hinrikss.			0 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Sjóminjasafn Austurlands	1.000.000 kr.		1.000.000 kr.
Safnasvæðið á Akranesi - Byggðasafn Akraness & nærsv.	1.200.000 kr.	150.000 kr.	1.350.000 kr.
Safnasvæðið á Akranesi - Steinaríki Íslands			0 kr.
Samgönguminjasafnið Ystafelli	600.000 kr.		600.000 kr.
Samstarf sjóminjasafna - Sjóminjar Íslands		900.000 kr.	900.000 kr.
Samstarfsverkefni Byggðasafna á Norðurlandi		200.000 kr.	200.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum	600.000 kr.	100.000 kr.	700.000 kr.
Síldarminjasafnið á Siglufirði	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Sjóminjasafnið í Reykjavík			0 kr.
Steinasafnið Teigarhorni			0 kr.
Tónminjasetur Íslands, Stokkseyri			0 kr.
Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði	1.200.000 kr.		1.200.000 kr.
Veiðisafnið	600.000 kr.	250.000 kr.	850.000 kr.
Verzlunarmínjasafnið, Hvammstanga (Bardúsa)			0 kr.
Véla- & samg.minjas. að Stóragerði í Óslandshlíð			0 kr.
	<b>42.000.000 kr.</b>	<b>12.740.000</b>	<b>54.740.000</b>
	Styrkir:	<b>54.740.000</b>	
	Kostnaður af		
	starfsemi:	9.600.000	
	Samtals:	<b>64.340.000</b>	
	Safnasjóður 2005:	66.000.000	

\* Samþykkt á fundi Safnaráðs 31. mars 2005.

## Erindi til afgreiðslu

### Samþykki húsnæðisstyrkja

Umsóknir fimm safna, Safnasafnsins, Minjasafnsins á Bustarfelli, Flugsafnsins á Akureyri, Byggðasafns Snæfellinga og Hnappdæla og Veiðisafnsins, um húsnæðisstyrki til menntamálaráðuneytis skv. 11. gr. safnalaga bárust Safnaráði til umsagnar á árinu 2005. Í samræmi við ákvæði 11. gr. fjallaði Safnaráð um erindin, en veiting húsnæðisstyrks skv. 11. gr. er háð samþykki Safnaráðs á stofnkostnaði og húsnæði. Samþykkti ráðið stofnkostnað og húsnæði í öllum tilfellum.

### Leyfi til útflutnings menningarverðmæta

Á árinu 2005 voru veitt þjú leyfi til tímabundins útflutnings fornminja með vísan til 2. gr. laga nr. 105/2001. Í öllum tilfellum var um að ræða fornminjar úr fornleifauppgröftum, sem fluttar voru erlendis í rannsóknarskyli.

### Önnur erindi

Ennfremur komu mörg formleg erindi af öðrum toga til umfjöllunar hjá Safnaráði á árinu 2005, auk þess sem Safnaráð ályktaði um málefni á starfssviði ráðsins. Úthlutun úr Safnasjóði 2005 var töluvert gagnrýnd af safnmönnum, enda var heildarúthlutun lægri en á árinu 2004 þegar nýtt var inneign í sjóðnum frá fyrri árum. Til glöggvunar á lagalegum skilyrðum skv. safnalögum leitaði Safnaráð ráðgjafar hjá sérfræðingi á sviði stjórnsýslulaga, Róberts R. Spanó, lögfræðings. Skrifstofu Safnaráðs bárust jafnframt fjölmörg óformleg erindi og fyrirspurnir um hin ýmsu mál er tengjast safnastarfi.

## Stefnumótun stjórnvalda í safnamálum

---

Reynslan hefur sýnt okkur að metnaðarfullt safnastarf á Íslandi getur ekki staðið eitt og óháð ríkisvaldinu. Brýn nauðsyn er til að ríkisvaldið leggi töluverðar fjárhæðir til styrktar söfnum, en hefur þetta aðallega verið gert með eftirfarandi hætti:

1. með beinum rekstri ríkissafna.
2. með fjárveitingu í Safnasjóð sem útteilir ríkisstyrkjum til safna.
3. með samningum einstaka safna við ráðuneyti (aðallega um stofnstyrki til húsnæðisöflunar).
4. með samningum ríkisvalds við sveitarstjórnir um styrki til menningarmála.
5. með einstaka styrkjum til safna á fjárlögum sem fjárlaganefnd ákvarðar.
6. með öðrum styrkjum (í gegnum opinbera sjóði m.a.).

Þegar hugað er að mikilvægi ríkisvaldsins varðandi tilurð og rekstur safna á Íslandi er ljóst brýn nauðsyn er til að fjárveitingar ríkisins til þessa málaflokks byggji á skýrt mótaðri stefnu ríkisvaldsins í safnamálum.

Samfara ríkisstyrkjum til safna hefur ríkisvaldið lagt metnað í að reyna um leið að stuðla að faglegu safnastarfi á Íslandi og hámarka þannig árangur af starfi íslenskra safna.

Ein aðferð ríkisvaldsins til að stuðla að faglegu safnastarfi samfara ríkisstyrkveitingum er með starfi Safnaráðs. Önnur er með lögbundnu leiðbeiningarhlutverki höfuðsafnanna á hverju sviði skv. 5. gr. safnalaga nr. 106/2001. Þjóðminjasafnsins á sviði menningarmínjavörslu, Listasafns Íslands á sviði listminja og Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem tímabundið gegnir hlutverki höfuðsafns á sviði náttúruminja, gagnvart þeim söfnum sem falla undir þeirra verksvið.

## Höfuðsöfnin

---

Þegar safnalög voru sett 31. maí árið 2001 náði eftirlitshlutverk Safnaráðs einnig til höfuðsafnanna en hljómaði 3. gr. laganna þá svo: "Safnaráð er samráðsvettvangur starfsemi lista- og minjasafna. Safnaráð hefur eftirlit með söfnum í eigu ríkisins og söfnum sem hljóta ríkisstyrki. Safnaráð úthlutar úr safnasjóði, sbr. 10. gr." Ákvæði er varðar söfn í eigu ríkisins var tekið út með lagabreytingu þann 12. desember 2002 og frá þeim tíma hefur Safnaráð einungis haft eftirlitshlutverk gagnvart söfnum sem hljóta ríkisstyrki.

Engu að síður er mikilvægt að Safnaráði sé kunnugt um starfsemi höfuðsafnanna m.t.t. leiðbeiningarskyldu þeirra skv. ákvæðum 5. gr. safnalaga og m.t.t. þeirra viðmiða sem höfuðsöfnin setja safnastarfi á sinu sviði.

Til að geta sinnt leiðbeiningarhlutverki sem skyldi, gagnvart söfnum er starfa á þeirra sviði, þurfa höfuðsöfnin að hafa ákveðna sérstöðu. Þau þurfa að uppfylla alþjóðlegar gæðakröfur um starfsemi safna og vera fagleg og vönduð á allan hátt.

### Þjóðminjasafn Íslands – höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu.

Þann 1. september 2004 opnaði Þjóðminjasafn Íslands sýningarhúsnæði sitt að Suðurgötu 41 á ný eftir 6 ára endurbýggingu og endurskipulagningu. Afar jákvæð þróun hefur átt sér stað með endurbótum Þjóðminjasafnsins, þar sem vel hefur verið vandað til allra þátta starfseminnar og alþjóðleg viðmið, stefnur og staðlar haft til hliðsjónar. Geymsluhúsnæði og umbúnaður safngripa er fyrsta flokks, fagleg forvarsla er stunduð við góðar aðstæður og skráning og rannsóknir vandað. Með sýningarhúsnæði sem stenst nútímakröfur um faglegt safnastarf er miðlun, samfara



Mynd: Þjóðminjasafn Íslands © Þjóðminjasafn Íslands.

öryggisaðstæðum og forvörslu safngripa á sýningum, einnig eins og best verður á kosið. Þau breyttu og bættu viðmið í safnastarfi sem þarna hafa orðið til eru til hvatningar og eflingar fyrir íslenskt safnastarf í heild.

Þjóðminjasafn Íslands gaf, fyrst höfuðsafnanna, út árið 2002 heildarstefnu á sviði þjóðminjavörslu: Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008, sem er mikilvægur leiðarvísir safna er starfa á því sviði. Stefna þessi var samþykkt af menntamálaráðherra vorið 2003 og er [hún yfirlýst stefna stjórnvalda á sviði safnamála.](#)<sup>6</sup>

### Listasafn Íslands – höfuðsafn á sviði myndlistar.

Einnig hafa náðst jákvæðir áfangar í uppbyggingu Listasafns Íslands. Árið 1987 flutti safnið á Frikirkjuveg 7 en aðalbyggingin var reist sem íshús árið 1916 eftir uppdráttum Guðjóns Samúelssonar og nýbyggingin er verk Garðars Halldórssonar, húsameistara ríkisins. Skrifstofur safnsins fluttu árið



Mynd: Listasafn Íslands © Listasafn Íslands.

2001 á Laufásveg 12 og geymir Frikirkjuvegur 7 nú sýningarsali, safnbúð, kaffihús safnsins og listaverkageymslur. Þrátt fyrir þessa jákvæðu áfanga eru enn aðkallandi mál, en meðal þeirra eru stækkun sýningarrýmis, aukning á fjármagni til listaverkakaupa og fjölgun starfsfólks. Einungis fyrsti áfangi af fleiri áætluðum hefur náðst í húsnæðismálum safnsins og er þjóðlistasafninu enn sem komið er ekki mögulegt sé að gera sögu íslenskrar myndlistar skil á grunnsýningu.

Ennfremur veldur takmarkað fjármagn til listaverkakaupa hættu á því að göt myndist í safnkosti safnsins, en skv. lögum nr. 58/1988 um Listasafn Íslands skal safnið „[...] afla svo fullkomins safns íslenskrar myndlistar sem unnt er, skrá það, varðveita og sýna, innan lands og utan. Leitast skal við að afla verka sem

endurspeglar sem best nýja strauma og stefnur í íslenski myndlist á hverjum tíma [...]“ ennfremur skal safnið „[...] afla viðurkenndra erlendra listaverka og má verja í því skyni tíu af hundraði af því fé sem safninu er fengið til listaverkakaupa.“ Ljóst er að óbreytt fjárveiting til innkaupa nægir ekki til að uppfylla skilyrði laganna varðandi innkaup.

Listasafn Íslands gaf í október 2005 út heildarstefnumótun fyrir stofnunina, stefnumótun Listasafns Íslands 2006-2011.

<sup>6</sup> Sjá ávarp Steingríms Sigurgeirssonar, aðstoðarmanns menntamálaráðherra, á Málþingi Safnaráðs um menntunarlutverk safna í Listasafni Íslands, 21. október 2004.

## Náttúrugripasafn Íslands – vísir að höfuðsafni á sviði náttúrufræða

Þegar safnalög voru sett árið 2001 voru sett ákvæði til bráðabirgða í lögnum hvað varðar Náttúrugripasafn Íslands. Í bráðabirgðaákvæði segir: „Ákvæði 5. mgr. 5. gr. sem kveður á um að Náttúruminjasafn Íslands hafi stöðu höfuðsafns kemur ekki til framkvæmda fyrr en sett hafa verið sérlög um Náttúruminjasafn Íslands í samræmi við lög þessi. Náttúruminjasöfn eiga eftir sem áður rétt á styrkjum úr safnasjóði á grundvelli 10. gr. með sama hætti og önnur minjasöfn. [...] Þar til Náttúruminjasafn Íslands hefur verið sett á stofn, sbr. 5. mgr. 5. gr., skal forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands eiga sæti í safnaráði og tilnefna varamann í sinn stað.



Mynd: Frá sýningu Náttúrugripasafns Ísl. © Náttúrugripastofnun Íslands.



Mynd: Frá sýningu Náttúrugripasafns Ísl. © Náttúrufræðistofnun Íslands.

Eftir þann tíma tekur forstöðumaður Náttúruminjasafns Íslands sæti í safnaráði samkvæmt lögum þessum.“ Náttúrugripasafn Íslands, sem Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með, er grunnur Náttúruminjasafns Íslands. Frá upphafi hafa verið settar á fót hátt í 20 nefndir sem fjallað hafa um málefni safnsins en hægt hefur þó miðað í málefnum þess. Safnið hefur aðsetur í þröngu sýningarrými í óhentugu húsnæði m.t.t. safnastarfs, við Hlekk 3-5, þar sem Náttúrufræðistofnun Íslands er staðsett. Aðgengi að sýningum er erfitt og lítið fjármagn hefur fengist til starfseminnar sem kemur m.a. illa niður á forvörslu safngripa. Auknar fjárveitingar til safnsins eru aðkallandi, svo og flutningur þess í hentugt húsnæði. Þá er aðkallandi að sett verði sérlög um Náttúruminjasafn Íslands eins og safnalög kveða á um.

## Tölfræðiupplýsingar um safnastofnanir

Gagnlegt er að bera saman tölfræðilegar upplýsingar um söfn á Íslandi við upplýsingar um safnastarf víða í Evrópu. Í framhaldi af umræðum á hinum ýmsu ráðstefnum og málþingum á Evrópugrundvelli um vöntun á aðgengilegum samanburðarupplýsingum um safnastarfsemi í Evrópu setti Evrópusambandið á fót verkefnið Stýrihóp um samræmingu menningarlegrar tölfræði innan Evrópusambandsins (Leadership Group on Harmonisation of Cultural Statistics in the EU). Í framhaldi voru settir á fót vinnuhópar sem safnað hafa þessum upplýsingum. European Group on Museum Statistics (EGMUS) heldur úti vefsíðu þar sem finna má ýmsar samræmdar tölfræðiupplýsingar um ýmis Evrópulönd (ath. ekki er fjallað um Ísland í skýrslunni).<sup>7</sup>

Taflan hér fyrir neðan sýnir upplýsingar um söfn á hverja 100 þús. íbúa í nokkrum Evrópulöndum skv. upplýsingum frá löndunum sjálfum. Athuga ber að um er að ræða eiginleg söfn á hverja 100 þús. íbúa, þ.e. söfn skv. skilgreiningu vinnuhóps EGMUS á hugtakinu „safn“ (sbr. museum) skv. skilgreiningu ICOM, alþjóðaráðs safna, á safni en hljóðar hún svo: „Safn er varanleg stofnun opin almennungi, sem ekki er rekin í hagnaðarskygni heldur í þágu þjóðfélags og framþróunar og hefur það hlutverk að safna efnislegum heimildum sem snerta manninn og umhverfi hans,

<sup>7</sup> Sjá <http://egmus.minuskel.de/index.php?id=15> (A Guide to European Museum Statistics. European Group on Museum Statistics (EGMUS)). (Ath. ekki voru fyrir hendi upplýsingar frá öllum löndum Evrópu).



*standa vörð um þær, rannsaka þær, miðla upplýsingum um þær og hafa þær til sýnis, svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar.*<sup>8</sup>

**Söfn á hverja 100 þús. íbúa eftir nokkrum Evrópulöndum 2005<sup>9</sup>**

Land	Söfn á 100 þús. íbúa
Króaía	4,3
Grikkland	1,5
Holland	4,7
Ísland	25,0*
Ítalía	0,7
Latvía	5,7
Lúxemborg	11,8
Noregur	4,1
Portúgal	5,5
Rúmenía	2,5
Slóvenía	8,2
Svíþjóð	2,7

*\*M.v. áætlaða tölu á Íslenskum stofnunum sem kallast geta, söfn\* skv. skilgreiningu ICOM (skv. mati Safnaráðs).*

Meðalfjöldi safna á hverja 100 þús. íbúa í ofangreindum löndum, ef Ísland er ekki meðtalið, er **4,7** söfn. Ef Ísland er meðtalið hækkar meðaltalið í **6,4**. Ísland er með 25 söfn á hverja 100 þús. íbúa, eða rúmlega tvöfalt fleiri en það land sem kemur næst á eftir, sem er Lúxemborg með 11,8 söfn.

Samfara því að halda skrá yfir safnastarf í landinu hefur Safnaráð safnað gagnlegum upplýsingum um starfsemi íslenskra stofnana á safnasviði. Bent er á ársskýrslur Safnaráðs 2003 og 2004 fyrir nýlegar tölfraeðiupplýsingar um íslenskt safnastarf.

## Vettvangsferð Safnaráðs 2005

---

Safnaráð fór tveggja daga vettvangsferð á árinu 2005. Farið var á Norðurland vestra þar sem söfn og setur voru heimsótt og rætt við forsvarsmenn stofnanana.

Með í för voru:

Ráðsmenn: Ólafur Kvaran (formaður), Gisli Sverrir Árnason (varaformaður), Margrét Hallgrímsdóttir, Jón Gunnar Ottóson og Sigrún Ásta Jónsdóttir

Varamenn: Álfheiður Ingadóttir.

Rakel Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri.

Eftirfarandi stofnanir/staðir voru heimsóttir í ferðinni:

Byggðasafn Dalamanna

Byggðasafn Húvetninga og Strandamanna

Verslunarminjasafnið, Hvammstanga

Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi

Byggðasafn Skagfirðinga

Safnahúsið Sauðárkróki

Véla- og samgönguminjasafnið, Stóragerði, Óslandshlíð

Vesturfarasetrið, Hofsósi

Sildarminjasafnið, Siglufirði

Byggðasafnið Hvoll, Dalvík

<sup>8</sup> Íslandsdeild ICOM. Sampykktir – siðareglur. Íslandsdeild ICOM. Reykjavík: 1997

<sup>9</sup> <http://egmus.minuskel.de/index.php?id=15> (A Guide to European Museum Statistics. European Group on Museum Statistics (EGMUS))

## Ferðir framkvæmdastjóra 2005

---

Framkvæmdastjóri fór eina ferð erlendis á árinu 2005 og heimsótti fjölda safnastofnana innanlands.

### Ferðir erlendis:

Framkvæmdastjóri heimsótti opinbera safnastofnun Norðmanna: ABM-utvikling í Osló dagana 30. ágúst – 1. september 2005. Markmið heimsóknarinnar var að kynna aðferðum Norðmanna við stefnumótun og framkvæmd málefna er tengjast safnastarfi og úthlutun ríkisstyrkja til safna. Hitti frkv.stj. og ræddi við ýmsa sérfræðinga um þessi málefni, m.a. Jon Birger Østby, Randi Ertesvåg, Tora Synnøve Yli Myre, Elin H. Wyller, Espen Hernes og Astrid Holen.

### Ferðir innanlands:

Auk vettvangsferðar Safnaráðs 2005 ferðaðist frkv.stj. um Vestfirði og heimsótti safnastofnanir.

Þær stofnanir á sviði safnastarfs sem frkv.stj. heimsótti í starfi innanlands á árinu 2005 voru m.a. (í stafrófsröð):

Byggðasafn Vestfjarða  
Byggðasafnið Hvoll, Dalvík  
Harmonikkufélag Vestfjarða, safn  
Hlunnindasýning á Reykhólum  
Humar eða frægð  
Listasafn ASÍ  
Listasafn Ísafjarðar  
Listasafn Íslands  
Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn  
Listasafn Reykjavíkur  
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar  
Ljósmyndasafn Ísafjarðar  
Minjasafn Egils Ólafssonar  
Minjasafn Jóns Sigurðssonar við Arnarfjörð  
Minjasafn Reykjavíkur  
Minjasafn Önundarfjarðar, Flateyri  
Náttúrugripasafn Bolungarvíkur  
Safnahús í Búðardal  
Sildarminjasafnið Siglufirði  
Sjóminjasafnið Ósvör, Bolungarvík  
Þjóðminjasafn Íslands

Framkvæmdastjóri sótti ennfremur 17. farskóla Félags íslenskra safna og safnmanna 21. – 23. september 2005 sem haldinn var á Siglufirði í boði Sildarminjasafnsins.



## Rannsóknargrein um safnastarf

Heildrænar rannsóknir aðila hér á landi á starfsemi safna og tengdum þáttum hafa fyrst og fremst farið fram innan háskólaumhverfis og er hér birtur útdráttur eins slíks verkefnis. Verkefni sem birtast í formi útdráttar í ársskýrslu Safnaráðs eiga það sameiginlegt að vera lokaverkefni nemenda í framhaldsnámi við safnafræði og tengd fög. Ritgerðina og nánari upplýsingar má nálgast hjá höfundum.

Söfn, listasöfn og sölugallerí:  
Sameiginlegir hagsmunir og markmið  
Meistararitgerð í safnafræði við University of Leicester  
2001  
Leiðbeinandi: Suzanne MacLleod



Höfundur: Magnús Gestsson

Magnús Gestsson.  
Ljósmynd: Melkorra Magnúsdóttir

## Söfn, listasöfn og sölugallerí: Sameiginlegir hagsmunir og markmið

Ritgerðin, var skrifuð á ensku og ber titillinn *Museums, Art Galleries and Commercial Galleries: common interests and collective goals* og gefur titillinn talsverða hugmynd um innihaldið en það er samband listasafna, myndlistarmarkaðar og listaverkasala. Hinsvegar ber að hafa í huga að þetta efni er í eðli sínu flóknara en nafn ritgerðarinnar gefur til kynna. Við samninguna var stuðst við fjölda heimilda en burðarás verksins er tvö viðtöl, annað við þáverandi sýningarstjóra myndlistar við New Walk Museum í Leicester, og hitt við listaverkasala og eiganda Goldmark gallerisins í Uppingham í Leicestershire. Vegna þess að viðtölin eru megin heimildir ritgerðarinnar var stuðst við aðferðafræði munnlegrar geymdar.<sup>10</sup> Bæði safnið og sölugallerið eru notuð sem dæmi um það hvað er líkt og hvað ólíkt með þessum myndlistarstofnunum. Fulltrúar tveggja liststofnana eru skoðaðir og athugað hverjum augum þeir líta listasafn og sölugallerí. Tilgangurinn er að kanna hvort opinber listasöfn, og söfn almennt ásamt sölugalleríum eigi einhver sameiginleg markmið, hvað það gæti verið, og hvort stofnanirnar geti lært hvor af annari.

### Samband sölugallería og safna

Listarsöfn og listaverkasölur hafa starfað hlið við hlið frá því að byrjað var að stofna söfn í Evrópu ekki sist í safnasprengingunni miklu um og eftir miðja 19. öld. Á þessu tímabili tók verslun með

<sup>10</sup> Hér er átt við 'oral history' sem byggir t.d. hljóðrituðum og eða myndrituðum munnlegum frásögnum þeirra sem hafa tekið þátt í atburðum og eru upplýsingar sem þannig er afað ekki síður mikilvægar en skjalfestar upplýsingar. Aðferðin hefur sérstaklega verið notuð til að afla upplýsinga hjá jaðarhópum og þeim sem ekki hafa valdastöður í samfélaginu. Varðandi viðtölin sem voru hljóðrituð þá voru spurningarnar sniðnar að störfum viðkomandi og sögu stofnananna. Einnig var lagt kapp á að afla upplýsinga um skoðanir galleristans á listasöfnum og álit sýningarstjórans á sölugalleríum.

myndlist fjörkipp auk þess sem sala á náttúruminum á borð við steingerfinga breiddist út.<sup>11</sup> Einnig varð sú breyting að með eflingu borgarastéttarinnar voru kirkja og aðall ekki lengur aðal styrktaraðilar listamanna. Tilurð modernísks myndlistarmarkaðs í París í lok 19 aldar er mikilvægt skref í þessari þróun einkum frá og með því að verk impressionistanna urðu söluvara á markaði.

Þetta samband hefur í áranna rás ekki alltaf verið dans á rósum og safnafólk hefur út á við sýnt hlutlaust áhugaleysi um myndlistarmarkaðinn og lagt áherslu á uppeldis- og fræðsluhlutverk safna frekar en samskipti við gallerista. Auk þess er söfnum sem kaupa verk á almennum markaði ráðlagt að hafa vaðið fyrir neðan sig því galleristar eru slungnir að nota tækifærið til að selja á eins háu verði og mögulegt er. Einnig má greina í síðareglum breskra safnamanna og leiðbeiningum um myndlistarkaup á markaði að hagur sé af því að listasöfn byggji upp góð tengsl við sölugallerí. Kjarni málsins er að bæði listasöfn og sölugallerí geta haft hag af samskiptum sínum. Önnur hlið málsins er sú að söfn nota almannafé til að safna, varðveita og gera hluti á borð við listaverk aðgengileg til samfélagsupplýsingar á meðan hefðbundnir listaverkasalar kaupa myndlist í þeim tilgangi að selja hana söfnum og einstaklingum í hagnaðarskyni. Í þessu sambandi er fyrst og fremst hugsað um fjárhagslegan ávinning listaverkasalans og menningarlegan ávinning listasafnsins líkt og menningarleg verðmæti séu ekki hátt skrifuð hjá listaverkasölum og menning og peningahyggja eigi ekki samleið. Þetta sýnir líka að söfnin eru virkir þátttakendur í myndlistarmarkaðnum þrátt fyrir að annað kunni að virðast. Þetta á ekki sist við þegar þau selja verk úr safneigninni meðal annars í þeim tilgangi að fjármagna framkvæmdir eða bæta við safneignina verki sem kann að vera mikilvægara en það sem selt er. Þannig virðist stundum henta að stofnanirnar séu ósættanlegar andstæður og stundum að þær njóti góðs hvor af annari. Spurningin er því hvort og hvernig listasöfn og sölugallerí geta unnið saman á opinn og skapandi hátt.

### Vald og þekking

Í áranna rás hafa listasöfn og sölugallerí staðið sem tákni um vald, þekkingu og eignarhald á þekkingu og jafnvel sannleikanum um listaverk og uppruna þeirra. Einnig er venjulega litið á stofnanirnar sem andstæður þó Susan Pearce hafi bent á að söfn og myndlistarmarkaðir vinni sameiginlega að tilurð peningalegra verðmæta og helgun myndlistar.<sup>12</sup>

### Samfélagslegt samhengi

Í sögulegu ljósi þá ná rætur New Walk Art Gallery aftur til félagslegs, efnahagslegs og stjórnmálalegs umróts 19. aldar og safnið var á meðal þeirra fyrstu til að hvetja og efla lágstéttirnar með því að veita þeim aðgang að náttúruminum, sýnishornum af menningu annarra þjóða og að gera lágstéttirnar að betra fólki með því að sýna þeim myndlist. Í því sambandi skipti list Viktoríutímans miklu máli og síðar athyglisverð sýnishorn af verkum þýsku expressionistanna. Á hinn bóginn er Goldmark gallerið tengt langri hefð í sölu listaverka sem neysluvöru þó saga þess sé mun styttri en til dæmis Agnew's gallerisins í London sem stofnað var árið 1817. Stofnun Goldmark gallerisins á sér stað í listamarkaðssprengingu áranna á milli 1980-90 sem gefur því víða efnahagslega, stjórnmálalega og félagslega skirskotun meðal annars vegna þess að þá bættust stjórnur dægurmenningarinnar í hóp þeirra sem höfðu efni á að kaupa myndlist. Fjölmíðlar tóku þátt í þessu og fréttir af uppsprengdu verði á myndlist á uppboðum urðu daglegt brauð. Því má segja að gallerið hafi notið góðs af auknum áhuga á myndlist í samfélaginu. Gallerið einbeitir sér að verkum 20. aldar modernista, samtímalist og eldri verkum eftir listamenn frá Leicester og nærsveitum ásamt verkum bæði landskunnra og alþjóðlegra listamanna. Báðar stofnanirnar eiga því rætur í miklu umróti þó á ólíkum tímabilum sé.

### Eignarhald

Eignarhald á stofnununum er einnig áhugavert þegar þessi ólíku fyrirtæki eru skoðuð. Myndlistardeild safnsins er háð rekstrarfé frá borgaryfirvöldum og þar með almenningi en yfirvöld skera niður framleg sitt þegar þeim hentar og hafa verið óhrædd við það. Þetta hefur valdið samdrætti í starfi safnsins og reyndar safnastarfs í Leicester. Þetta hefur einnig hvatt safnið til að afla styrktaraðila og byggja upp samvinnu við fyrirtæki og stofnanir til tekjuöflunar. Sölugallerið á

<sup>11</sup> Knell, Simon, 'Museums, Fossils and Revolution' Fyrirlestur S. Knell við formlega innsetningu hans í embætti prófessors í safnafræði við University of Leicester, 13. 06.06. Simon Knell hefur meðal annars rannsakað þátt náttúrugripa markaðar í stofnun safna á 18. og 19. öld.

<sup>12</sup> Susan M. Pearce, *On Collecting: An Investigation Into Collecting in the European Tradition* (London og New York: Routledge, 1995), bls. 379. Sjá einnig *Buying in the Market: a checklist for museums* (London: Museums Association, 2000), einblöðungur.

hinn bóginn er í einkaeign sem gerir eigandann háðan viðskiptavinum, stöðugri sölu og því að hafa til sölu myndlist sem höfðar til viðskiptavinanna. Hinsvegar hefur Goldmark einn kost fram yfir listasafnið en það er beint samband eigandans við viðskiptavini. Þetta persónulega samband veldur því að Goldmark ber minni stofnanabrag en listasafnið auk þess sem umræða um peningaleg verðmæti er ekki ögrun við stöðu, orðspor og menningarlegt hlutverk gallerisins. Markaðssetning og kynningarstörf skipta miklu máli fyrir báðar stofnanirnar til að laða að viðskiptavini og þær nota svipaðar aðferðir til að vekja og viðhalda áhuga viðskiptavinanna: prentaðir bæklingar og sýningarskrár, væntanlegar sýningar og tengdir atburðir, fréttatilkynningar, vefsíður og auglýsingar í blöðum og tímaritum.

### Helgidómar og upprunasaga listaverka?

Staðfesting á uppruna og eigendasögu verka er enn eitt atriðið sem eru þeim sameiginleg. Listasafnið er þó háð sérfræðingum utan safnsins hvað varðar staðfestingu á uppruna verka á meðan listaverkasalinn heldur því fram að hann geti annast þetta mat án utanaðkomandi aðila. En með því að staðfesta sannleikann um uppruna verka geta fyrirtækin haldið áfram viðskiptum og haldið valdastöðu sinni. Hinsvegar má ekkert útaf bregða ef sófn og galleri vilja halda þessari stöðu. Uppruni og verðmæti haldast í hendur og peningaleg verðmæti eru sköpuð á opin hátt í sölugallerium. Það er hinsvegar einnig ljóst að listasöfn eiga þátt í tilurð peningalegra verðmæta listaverka til dæmis þegar þau eru tryggð og þegar verk hafa verið seld úr safneign. Ennfremur er talsvert umfangsmikill markaður í gangi innan safnageirans þar sem mikið magn safnmuna er í boði. Munirnir eru venjulega ekki til sölu en sala þeirra er möguleg og gæti átt sér stað.

Sýningarstjóri listasafnsins leggur áherslu á innri verðmæti umfram þau fjárhagslegu og galleristinn er á svipaðri línu þegar hann talar um listamenn sem geta víkkað líf og reynslu gesta og viðskiptavina, þó hjá honum fari peningaleg og innri verðmæti saman. Athyglisvert er hinsvegar að bæði tala eins og að 'listamaðurinn sé skapari, sambland guðs og manns og tengiliður milli ólíkra heima – fastrar skipanar alhimsins og óreiðu, náttúru og menningar, anda og holds. [...] Listamenn og gagnrýnendur "tilbiðja list eins og helgidóm eða eins og hún væri önnur kirkjudeild [...]"<sup>13</sup> Þrátt fyrir þetta sameiginlega viðhorf þá er sala á listaverkum það sem í grundvallar atriðum aðskilur þessar tvær gerðir fyrirtækja í dag en þetta gæti einnig verið það sem sameinar fyrirtæki á þessu sviði í framtíðinni.

### Sameiginlegir þættir

Í augum galleristans eiga sölugalleri og listasafn næstum ekkert sameiginlegt nema það að á báðum stöðum vinnur fólk. Sýningarstjórinn hefur hinsvegar fyrst og fremst áhuga á myndverkum og þekkingu á þeim fremur en áæluðu markaðsverðmæti. Einnig kveðst sýningarstjórinn bera meira traust til listaverkasala sem lita ekki bara á myndlist sem neysluvéru. Afstaða sýningarstjórans er einig sú að listasafnið snúist um það að galleristar þjóni því án þess að eiga þess kost að taka þátt í starfsemi þess. Á hinn bóginn telur galleristinn virka kynningu á myndlist mikilvægasta sameiginlega keppikefli þeirra. Það er ljóst að mikið ber á milli, en þó kann að vera mögulegt að draga nýjar markalínur ef hlutaðeigandi hæfu samræður á jafnræðisgrundvelli. Þó það kunni að hljóma sem mótsögn þá sýndi sýningarstjórinn áhuga á samvinnu sölugallería og listasafna.

### Samvinna, sannleikur og sala á listaverkum

Það er því ýmislegt sem bendir til þess að rof í sögu stofnananna hafi myndast eða sé um það bil að verða til og þar með vilji af beggja hálfu til að vinna sameiginlega að tilraunum með þá list sem þær hafa að bjóða og víkka menningarlega merkingu hennar.<sup>14</sup> Þetta gæti leitt til þess að nauðsynlegt verði að hugsa hlutverk og orðræðuhefðir innan stofnananna upp á nýtt. Bandalag listaverkasala og listasafna gæti orðið þáttur í einkavæðingu safna og sölu á verkum úr safneign til að afla tekna. Í því sambandi má til dæmis haga málum þannig að verk séu seld á milli safna með það að markmiði að byggja upp sérhæfð sófn í átthögum listamanna. Þannig væri hugsanlegt að Listasafn Íslands seldi lykilverk Svavars Guðnasonar til Svavarssafns á Hornafirði með milligöngu listaverkasala. Slikt fyrirkomulag gæti haft hressandi áhrif á myndlistarmarkaðinn á Íslandi og ýtt enn frekar undir það að markaðurinn ákveði verð á myndlist. Ennfremur gætu sölugalleri tileinkað sér aðferðir safnafræðinnar til að efla þekkingu á myndlist. Sameiginleg markmið gætu því meðal annars byggst á þessum atriðum. Með þessu móti gætu bæði

<sup>13</sup> Julius, Anthony, *Idolizing Pictures. Idolatry, Iconoclasm and Jewish Art* (London: Thames and Hudson, 2000), bls. 76.

<sup>14</sup> Hafa ber þó í huga að úrtakið er of smátt til að hægt sé að draga af viðtækar ályktanir og á þetta því einkum við um þær stofnanir sem skoðaðar voru.

stofnanirnar og viðskiptavinir þeirra hlúð að einstaklingsbundnum menningarlegum einkennum frekar en sameiginlegum menningarlegum einkennum þjóðar sem til dæmis lögð er áhersla á í skilgreiningu samtaka breskra safnmanna á söfnum.<sup>15</sup>

Sem andstæðu við hugmyndir bæði sýningarstjórans og galleristans um að þau og stofnanirnar geti lagt fram sannleikann um verkin er hér ekki lögð áhersla á að boða endanlegan sannleika um listaverka markaðinn og þær stofnanir sem fjallað er um. Þess vegna er kenning Keith Jenkins um afhelgun menningarinnar eitt af fræðilegum leiðarljósum ritgerðarinnar.<sup>16</sup> Í samræmi við þetta er fjallað um sannleikshugmyndina og komist að þeirri niðurstöðu að listasöfn, listamenn, listaverkasalar, safnarar og uppboðshaldarar hafa staðið fyrir vald, sannleika og helgun listarinnar með því að byggja á tilbúnu tákni. Á sama tíma hafa viðskiptavinirnir verið meira og minna kyrrstæðir áhorfendur sannleikans í báðum stofnunum.

Með því að tengja sölu úr safneignum, peningaleg verðmæti, safnfræðslu, þátttöku, uppruna, sannleika og einkavæðingu við orðræðuhefðir innan stofnananna sem skoðaðar voru er sú hugmynd reifuð að það séu mörg tilbrigði við sannleikann um listaverkið og að listasöfn og listaverkasalar gætu unnið að sameiginlegu markmiði: Að opna fyrir samskipti milli aðila og efla þannig myndlistarmarkaðinn, einstaklingsvitund og að engin ein stofnun hafi eignarhald á þekkingu.

---

<sup>15</sup> Skilgreiningin er aðgengileg á vefsíðu Museums Association <http://www.museumsassociation.org/ma/10934> (10. 09. 06).

<sup>16</sup> Kenkins, Keith, *Re-thinking History* (Routledge: London og New York, 1992), bls. 29. Í bók sinni segir hann m.a. að sannleikurinn sé ekkert annað en hugmynd og málfarslegt tákni.

## Lokaorð

Þrátt fyrir að þröngt hafi verið í ári 2005 voru stigin jákvæð skref fram á við á sviði safnastarfs. Málþing Safnaráðs um menntunarhlutverk safna var gagnlegt og stuðlaði án vafa að bættri vitund safnmanna um mikilvægi þess að söfn sinni menntunarhlutverki sínu á sem árangursríkastan hátt.

Safnasjóður stóð ekki undir væntingum safnmanna á árinu, enda um takmarkaðar fjárveitingar í sjóðinn að ræða, sem styðja þarf starfsemi sívaxandi fjölda safna. Skuldinni var ekki skellt á stjórnvöld fyrir aðgerðaleysi hvað varðar stefnumótun og uppbyggingu safnastarfs, heldur á Safnaráð sem umsjónaraðila hins takmarkaða og fjársvelta sjóðs.

Mikilvægt er að stjórnvöld marki stefnu um árangursríka, faglega og hagnýta uppbyggingu safnastarfs sem leið samfélagsins sér til viðhalds og þroska. Jafn mikilvægt er að menn geri sér grein fyrir því hvers vegna þörf er á slíkri stefnu og uppbyggingu og hvað liggur að veði. Safnaráð mun enn sem áður beita sér fyrir eflingu sjóðsins með það fyrir augum að treysta og tryggja safnastarf, sem varðveitir og miðlar hinni mikilvægu þekkingu um uppruna og þróun samfélags okkar – þekkingu sem aldrei má tapast.

Hin heildrænu verkefni næstu missera á sviði safnastarfs eru enn sem áður: Umfjöllun um allt safnastarf (söfn, setur, sýningar, safnvísar o.s.frv.) fari fram á faglegum grundvelli. Styrkustu sprotarnir í safnastarfi verði styrktir enn frekar, jafnt fjárhagslega sem faglega, fremur en að grafið sé undan stoðum þeirra með sífelld aukinni dreifingu þess sem er til skiptanna. Byggt verði á því sem áunnist hefur og faglegt starf, þekking, samvinna, hagkvæmni og árangur haft að leiðarljósi við uppbyggingu safnastarfs á Íslandi.

Rakel Halldórsdóttir,  
framkvæmdastjóri Safnaráðs

Viðauki 1: Styrkveitingar úr Safnasjóði 2004

## Styrkveitingar úr Safnasjóði 2004

*Samþykkt á 27. fundi Safnaráðs 26. febrúar og 2. mars 2004 (einnig á fundum 1. apríl, 23. apríl og 13. september)*

<u>Heiti stofnunar:</u>	<u>Rekstrarst.:</u>	<u>Verkefnast.:</u>	<u>Samtals:</u>
Bonsaigarðurinn í Helliggerði			0 kr.
Bóka- og byggðasafn Norður Þingeyinga	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Byggðasafn Dalamanna		250.000 kr.	250.000 kr.
Byggðasafn Gerðahrepps			0 kr.
Byggðasafn Hafnarfjarðar	1.500.000 kr.	300.000 kr.	1.800.000 kr.
Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Byggðasafn Rangæinga og V-Skaftf. í Skógum	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Byggðasafn Reykjanesbæjar	1.500.000 kr.	300.000 kr.	1.800.000 kr.
Byggðasafn Skagfirðinga Glaumbæ	1.500.000 kr.	300.000 kr.	1.800.000 kr.
Byggðasafn Snæfellinga og Hnappdæla	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Byggðasafn Snæfellsbæjar			0 kr.
Byggðasafn Vestfjarða	1.500.000 kr.	100.000 kr.	1.600.000 kr.
Byggðasafnið Hvöll, Dalvíkurbyggð	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Fiska- og Náttúrugripasafn Vestmannaeyja		100.000 kr.	100.000 kr.
Flugsafnið á Akureyri	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Fransmenn á Íslandi			0 kr.
Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Humar eða frægð			0 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn Árnesinga	2.250.000 kr.	200.000 kr.	2.450.000 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Byggðasafn Árnesinga, Náttúrusafn			0 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Rjómabúði á Baugsstöðum			0 kr.
Húsið á Eyrarbakka - Sjóminjasafnið á Eyrarbakka		200.000 kr.	200.000 kr.
Hvalamiðstöðin á Húsavík	1.500.000 kr.	300.000 kr.	1.800.000 kr.
ICOM Íslandsdeild		300.000 kr.	300.000 kr.
Iðnaðarsafnið á Akureyri		100.000 kr.	100.000 kr.
Íslenska vitafélagið, safn			0 kr.
Kvinnasögusafn Íslands (skjalasafn)			0 kr.
Leikminjasafn Íslands*	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Listasafn ASÍ		300.000 kr.	300.000 kr.
Listasafn Árnesinga	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn	750.000 kr.		750.000 kr.
Listasafn Reykjanesbæjar	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Listasafn Reykjavíkur*		700.000 kr.	700.000 kr.
Listasafn Sigurjóns Ólafssonar		700.000 kr.	700.000 kr.
Listasafnið á Akureyri			0 kr.
Ljósmyndasafn Reykjavíkur	750.000 kr.		750.000 kr.
María Júlía BA 36			0 kr.
Menningarmiðstöð Hornafjarðar - Byggðasafn Austur-Skaftaf.sýslu	2.250.000 kr.	200.000 kr.	2.450.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafj. - Listasafn Austur-Skaftaf.sýslu		400.000 kr.	400.000 kr.
Menningarmiðstöð Hornafj. - Náttúrugripas. Austur-Skaftaf.s.		0 kr.	0 kr.
Minjasafn Egils Ólafssonar	1.500.000 kr.	100.000 kr.	1.600.000 kr.
Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn	750.000 kr.		750.000 kr.
Minjasafnið á Akureyri	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Minjasafnið á Bustarfelli	750.000 kr.		750.000 kr.
Náttúrufræðistofa Kópavogs	1.500.000 kr.	300.000 kr.	1.800.000 kr.
Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar			0 kr.
Náttúrustofa Austurlands, Neskaupsstað - Náttúrugripasafn		400.000 kr.	400.000 kr.
Náttúrustofa Vestfjarða, Bolungarvík - Náttúrugr.s. í Bol.vík			0 kr.
Nonnahús*		200.000 kr.	200.000 kr.
Nýlistasafnið		2.500.000 kr.	2.500.000 kr.
Safnahús Borgarfjarðar - Byggðasafn Borgfirðinga	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Safnahús Borgarfjarðar - Listasafn Borgarness			0 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Byggðasafn Vestm.eyja	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Listasafn Vestm.eyja			0 kr.
Safnahús Vestmannaeyja - Ljósmyndasafn V.m.eyja			0 kr.
Safnahúsið á Egilsstöðum -Ljósmyndasafn Austurl.			0 kr.
Safnahúsið á Egilsstöðum -Minjasafn Austurlands	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Byggðasafn Suður-Þingeyinga	2.250.000 kr.	200.000 kr.	2.450.000 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Myndlistarsafn		250.000 kr.	250.000 kr.
Safnahúsið á Húsavík - Náttúrugripasafn		200.000 kr.	200.000 kr.
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði - Listasafn Ísafjarðar			0 kr.
Safnahúsið Eyrartúni, Ísafirði - Ljósmyndasafn Ísafjarðar		100.000 kr.	100.000 kr.
Safnasafnið á Svalbarðseyri	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Íslenska stríðsárásafnið			0 kr.
Safnastofnun Fjarðabyggðar - Sjóminjasafn Austurlands	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Safnasvæðið á Akranesi - Byggðasafn Akraness & nærsv.	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Saltfisksetur Íslands í Grindavík			0 kr.
Samgönguminjasafnið Ystafelli	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Samstarf sjóminjasafna - Sjóminjar Íslands		600.000 kr.	600.000 kr.
Sauðfjársetur á Ströndum*	1.500.000 kr.		1.500.000 kr.
Síldarminjasafnið á Siglufirði	1.500.000 kr.	200.000 kr.	1.700.000 kr.
Sjóminjasafnið í Reykjavík			0 kr.
Sjóminjasafnið Ösvör, Bolungarvík			0 kr.
Skákmínjasafn Íslands			0 kr.

# SAFNARÁÐ

The Museum Council of Iceland

Snjálfjallasetur - Byggðasögusýning		0 kr.
Sveinssafn*	200.000 kr.	200.000 kr.
Tækniminjasafn Austurlands, Seyðisfirði*	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.
Verslunarminjasafnið, Hvammstanga (Bardúsa)		0 kr.
<b>51.750.000 kr.</b>	<b>12.000.000 kr.</b>	<b>63.750.000 kr.</b>
	Rekstur skrifstofu Safnaráðs:	6.400.000 kr.
	Alls úr Safnasjóði 2004:	<b>70.150.000 kr.</b>
	Safnasjóður fjárveiting 2004:	66.000.000 kr.
	Inneign í Safnasjóði frá fyrri árum:	6.000.000 kr.

## The Museum Council of Iceland

### A Summary

In June 2001 The Museum Council of Iceland was founded with a set of new legislation, the Museum Act nr. 106/2001, Act nr. 105/2001 that deals with the transfer of cultural objects, and Act nr. 107/2001 dealing with the preservation of cultural heritage. The Council is composed of five members, the director of each of the three head museums, The National Museum of Iceland (cultural history heritage), The Icelandic Institute of Natural History (natural history heritage), and the National Gallery of Iceland (visual arts heritage). In addition, two members are appointed by organizations of vested interest, one from the Icelandic Association of Museums and Museum Professionals, and one from the Association of Local Authorities in Iceland.

The Museum Council works under the Icelandic Ministry of Education, Science, and Culture, and deals with various tasks regarding the national cultural and natural heritage.

The Council is a co-operative forum for Icelandic cultural and natural museums.

It supervises the Museum Fund and distributes from it monetary government grants to museums in accordance to Act nr. 106/2001. In the year 2005 82 museums and related organizations applied for government grants from the Museum Fund. 50 museums received grants of the total value of 54.740.000 Icelandic Crowns.

The Council is responsible for the execution of Act nr. 105/2001, dealing with the transfer of cultural objects between countries. One task related to that law is the granting of permits for the transfer of cultural valuables from Iceland.

In addition to this the Council addresses a number of other diverse tasks relating to its field.

The Museum Council's office is situated in the National Gallery at Laufasvegur 12, 101 Reykjavik, Iceland. The Managing Director of the Council is Rakel Halldorsdóttir.

The following formed the Museum Council in the year 2005:

Members of the Council:

Substitutes:

Ólafur Kvaran, Director of the National Gallery of Iceland, Chair of the Museum Council from February 1, 2004.	Karla Kristjánsdóttir, Financial Manager of the National Gallery of Iceland (appointed until September 15, 2005).  Júliana Gottskálksdóttir, Director of the Einar Jónsson Art Museum (Listasafn Einars Jónssonar) (appointed from November 1, 2005).
Margrét Hallgrímsdóttir, Director of the National Museum of Iceland, Vice Chair of the Museum Council from November 1, 2005.	Anna Guðný Ásgeirsdóttir, Financial Manager of the National Museum of Iceland
Jón Gunnar Ottósson, Director of the Icelandic Institute of Natural History	Álfheiður Ingadóttir, Publishing Manager of the Icelandic Institute of Natural History Islands
Gísli Sverrir Árnason, Director of the Cultural Institute of Hornafjörður (on behalf of the Association of Local Authorities in Iceland), Vice-Chair of the Museum Council (appointed until 15. september 2005).	Jónína A. Sanders, Business administrator (appointed until September 15, 2005).



<p>Sveinn Kristinsson, President of the Akranes Town Council (appointed from November 1, 2005).</p>	<p>Steinunn Ó. Kolbeinsdóttir (appointed from November 1, 2005).</p>
<p>Jóhann Ásmundsson, Director of the Museum of Egjill Olafsson (on behalf of the Organization of Museum Professionals) Jóhann passed away on December 31, 2004. He was appointed to the council until September 15, 2005, and a substitute was not appointed during this period.  Karl Rúnar Þórsson, Chair of the Organization of Museum Professionals in Iceland (appointed from November 1, 2005).</p>	<p>Sigrún Ásta Jónsdóttir, Director of the Museum of Reykjanesbaer and Vice Chair of the Organization of Museum Professionals in Iceland (appointed until September 15, 2005).  Ágústa Kristófersdóttir, Exhibition Director, National Museum of Iceland (appointed from November 1, 2005).</p>

# SAFNARÁÐ

---

The Museum Council of Iceland

Laufásvegi 12  
101 Reykjavík  
sími: 515 9605  
bréfsími: 515 9601  
netfang: [safnarad@safnarad.is](mailto:safnarad@safnarad.is)  
vefsíða: [www.safnarad.is](http://www.safnarad.is)